

Vígúsdóttir/Grétarsdóttir

**Kvennalandslið í strandblaki
ÍSLAND**

**Official Facebook: Vigúsdóttir/Grétarsdóttir
(like síða)**

Official Instagram: dottir.beachvolley



Góðan dag,
Við heitum Jóna Guðlaug og Thelma Dögg og höfum verið mjög mikilvægur hlekkur í íslenska kvennalandsliðinu í blaki síðustu ár ásamt því að hafa verið valdar bestu blakkonur Íslands síðustu ár.

Við sækjum um styrk til ykkar því nú erum við að setja okkur ný og krefjandi markmið en við munum spila og keppa strandblak fyrir Íslands hönd. Okkar markmið er að komast lengra en íslenskt strandblakslið hefur komist og skrifa nýja íþróttasögu, okkar sögu. Við erum búnar að skrá okkur á öll þau alþjóðlegu mót sem standa til boða en á milli þeirra verðum við í ströngum æfingarbúðum í Ítalíu ásamt því að spila á ítölsku strandblaksmótaröðinni sem er ein af bestu deildum í Evrópu í dag. Við settum okkur stórt og krefjandi langtímamarkmið og er það að komast á **Ólympíuleikana í París, 2024.**

Í strandblaki eru aðeins tveir leikmenn saman í liði og þurfa þeir að standa sjálfir undir öllum kostnaði (þjálfari, flug, sjúkraþjálfun, húsnæði o.s.fr.). Alþjóðlegum mótum er skipt upp í styrkleikaflokka og unnið er eftir stigakerfi. Þegar nýtt lið stígur sín fyrstu skref getur það aðeins komist lengra með því að taka þátt í fleiri minni mótum sem gefa stig, fleiri stig þýða sterkari og stærri mót. Til þess að komast inn á mót þurfa ný lið yfirleitt að taka þátt í útsláttarkeppni sem þýðir að lið geta dottið úr keppni eftir svo lítið sem einn leik. Strandblak er því mjög hörð íþrótt þar sem andleg og líkamleg geta leikmanna þarf að vera í topp standi alla daga til þess að ná árangri.

Strandblak felur í sér að spila á mótum um allan heim og safna stigum. Gríðarlegur kostnaður fer í þetta ferli og geta liðin aðeins tekið þátt í sterkari mótum þegar það hefur safnað nógu mörgum stigum. Við höfum sett upp fjárhagsáætlun fyrir sumarið (fargjöld, húsnæði, PCR próf, þjálfarakostnaður o.s.fr.) og þegar allt er tekið saman er kostnaður sumarsins í kringum 3.000.000kr. Ef óskað er eftir að sjá fjárhagsáætlun fyrir sumarið getum við komið henni til ykkar ásamt fleiri upplýsingum um okkur tvær. Hér fyrir neðan má finna okkar dagsrúka í sumar með fyrirvara um breytingar.

Til þess að hafa tæk á að gera þessi markmið að veruleika leitum við eftir fjárhagslegum stuðning til ykkar, margt smátt gerir eitt stórt.

Það sem við tókum okkur að hendur, gerum við fagmannlega og þetta er ekkert öðruvísi. En það er ekki hægt að vinna markvisst að markmiði nema fá stuðning og hann byrjar heima. Við vonum að þið sjáið þetta verkefni sem tækifæri fyrir ykkur að styrkja verðugt íþróttaverkefni.

Með kærri strandblakskveðju með von um jákvæð svör,

Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir og
Thelma Dögg Grétarsdóttir

Dagsetning	Staður	Plan
14 júní - 20 júní	Ítalía	4 Vele Æfingabúðir + mót
21 júní - 27 júní	Ítalía	4 Vele Æfingabúðir + mót
28 júní - 4 júlí	Ítalía	4 Vele Æfingabúðir + mót
5 júlí - 11 júlí	Ítalía	4 Vele Æfingabúðir + mót
12 júlí - 18 júlí		Hvíldarvika
19 júlí - 25 júlí	Búlgarí	Alþjóðlegt mót 1*
26 júlí - 1 ágú	Slóvenía	Alþjóðlegt mót 1*
2 ágú - 8 ágú	Búlgarí	Alþjóðlegt mót 1*
9 ágú - 15 ágú	Ítalía	Æfingabúðir + mót
16 ágú - 22 ágú	Tékkland	Alþjóðlegt mót 2*
23 ágú - 29 ágú	Tékkland	Alþjóðlegt mót 2*
30 ágú - 5 sep		Ekki staðfest
6 sep - 12 sep		Ekki staðfest
13 sep - 19 sep		Ekki staðfest
20 sep - 26 sep	Spánn	Alþjóðlegt mót 1*